

Könnun á viðhorfum foreldra

Foreldraráð FG

Mars 2011

Samantekt: Kolbrún Þ. Pálsdóttir

Um könnunina

- Könnunin var framkvæmd í mars 2011.
- Hún var rafrænt og send til allra forráðamanna nemenda við FG
- Svörun var um 85 % (275 svör)
- Könnunin byggir á fyrri könnun, en búið er að bæta við spurningum um:
 - Forvarnarmál, bjórkvöld, eftirlitslaus samkvæmi
 - Matarmál
 - Hvernig nemendur koma í skólann

Foreldraráð 2010-2011

- Ragnar Marteinnsson, formaður
- Margrét Sigurðardóttir
- Sigríður Einarsdóttir
- Sigríður Guðmundsdóttir
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir


Hér er greint frá helstu niðurstöðum

- I. hluti greinir frá helstu tölfræðilegu niðurstöðum
- II. Hluti greinir frá svörum við opnum spurningum

I. HLUTI


Mynd 1

Hvaða ár er nemandinn fæddur?




Mynd 2

Hvar eigið þið heima?




Mynd 3

Hvernig fer nemandinn oftast i skólann?




Mynd 4

Hefur þú kynnt þér forvarnarstefnu FG?




Mynd 5

Hversu ánægð(ur) ertu með forvarnarstarf skólans í áfengis- og vímuefnamálum?




Mynd 6

Hversu oft eða sjaldan hefur þú fengið vitneskju um eftirfarandi sem nemendur FG hafa sótt eða verið með í?




Mynd 7 Aldur nema og bjórkvöld/samkvæmi




Mynd 8

Hversu sátt eða ósátt eruð þið með eftirfarandi atriði er varða matarmál nemenda í FG?




Mynd 9

Ætti foreldraráð FG að beita sér í eftirtöldum málaflokkum? Merktu við mikilvægi þeirra að þínu mati:



Mynd 10

Finnt þér eðlilegt að nemendur á fyrsta ári séu látnir blása á áfengismæli á skólaböllum sem haldin eru af NFFG utan skólans?



II. HLUTI

Viðhorf foreldra - opnar spurningar

- Hér er greint frá helstu niðurstöðum þriggja opinna spurninga:
 - Hvað er vel gert í FG?
 - Hvað má bæta í FG?
 - Hvernig má bæta forvarnir í FG?
 - Ábendingar til foreldraráðsins


Hvað eru foreldrar ánægðir með?

- Skólinn er að standa sig mjög vel að flestu leyti. Til fyrirmyndar hvað skólinn kemur til móts við ólíka nemendur, s.s. að vera með HG hóp.
- Viðmót kennara og alls starfsfólks gagnvart nemendum og foreldrum. Nemandinn og líðan hans skiptir verulegu máli. Notalegt andrúmsloft.
- Sonur minn er gríðarlega ánægður þar þannig að eitthvað hlýtur skólinn að vera að gera rétt.
- Flott aðstaða og gott námsframboð.

Hvað eru foreldrar ánægðir með? Frh.

- Góðar upplýsingar inn á heimilin hvað varðar félagslíf á vegum skólans. Skemmtileg uppbrot í skólastarfinu.
- Finnst við fá góðar upplýsingar t.d. fundargerðir og annað frá stjórnendum. Frábært félagslíf.
- Mér sýnist FG vera að standa sig vel á mörgum sviðum. Gott flæði upplýsinga, ágætur agi og gott framboð námsgreina.
- Ég held að FG sé góður skóli. Þar eru góðir kennarar og námsráðgjafar sem hafa stutt við bakið á mínu barni. Námsframboð er fjölbreytt. Foreldrum er mætt með velvilja.

Hvað má betur fara að mati foreldra?



Samstarf og upplýsingar

- Því miður er ég ekki nógu vel upplýst hvað það er sem vantar, til að geta sagt hvað megji bæta.
- Vantar að umsjónarkennari haldi foreldrafundi. Sérstaklega mikilvægt fyrir nemendur á 1.ári.
- Foreldrar vita lítið hvað er að gerast í námi hjá nemanda að mínu mati. Of mikið stökk frá grunnskóla hvað þetta varðar.
- Samskipti umsjónarkennara við foreldra. Sem foreldri sem ekki á heimangengt í skólann(bý á landsbyggðinni) finnst mér slæmt að heyra aldrei frá umsjónarkennara en þannig hefur það verið í mínu tilfalli.
- Mér finnst þurfa að setja meiri upplýsingar inn í námsmat, t.d. um verkefnaskil, þannig að foreldrum ólögráða nemenda sé gert viðvart ef krakkarnir eru ekki að standa sig. Eins og er finnst mér maður vera að fá upplýsingar þegar allt er um seinan þegar vel hefði dugað að byrsta sig á fyrri stigum máls.
- .

Skipulag námsins

- Of margir tíma sem falla niður, og stundum ójafnt dreift álagi á nemendur milli tímabila
- að brjóta upp skólastarfið eins og var gert þann 17. mars finnst mér alveg frábær hugmynd, og það mætti vera oftast einhverjar svona uppákomur
- nemendur á 1. ári þurfa allir að geta tekið grunnfög, líkt og íslensku/dönsku strax á haustmisseri.
- Ekki byrja 8.10. Byrja seinna.

Námið sjálft

- Meiri áhersla á íslensku, ensku og stærðfræði. Láta alla læra þriðja tungumálið vel. Undirbúa krakkana markvisst undir háskólanám. Kenna þeim að vinna sjálfstætt og setja markið hátt.
- Vekja áhuga kennara í starfi, og halda nýjungum að þeim og fræðslu. Halda uppi góðum og heilbrigðum anda milli kennara og nemenda.
- Bjóða upp á fjármálalæsi.
- Bjóða upp á aukatíma í ýmsum námsgreinum ef krakkarnir þurfa á því að halda.

Félagsstarfið

- Félagslíf mætti vera öflugra, og ef skólinn getur stutt frekar við það væri það gott. Skilst að nokkur gjá sé á milli Garðbæinga og annarra nemenda, og gott ef hægt væri að minnka hana.
- Virkja nemendur til að gera eitthvað jákvætt fyrir þjóðfélagið. t.d. söfnun fyrir bágstadda.
- Það eru ekki allir virkir félagslega í skóla þar sem alltaf er verið að skipta um féлага og námshópa. Það er erfitt að virkja alla og hætta á að sumir verði félagslega einangraðir.
- Fækka böllum sem kalla fram neyslu en fjölgið til muna neyslufríum skemmtikvöldum svo sem spilakvöldum, hjólaferðum, sönghópum ofl.

Agi og eftirlit

- Skólinn má sýna virðingu fyrir góða ástundun og hegðun með því að taka harðar á agabrotum og lélegri umgengni og hegðun.
- Eftirlit með fatahengi. Úlpu sonar míns var stolið á fyrsta skóladeginum hans og þetta var ný og dýr úlpa.
- Skýrari reglur og eftirlit. Ekki leyfa ókurteisi og slæma umgengni, t.d. um mötuneyti.
- Ekki gera skólann ofstífan hvað varðar eftirlit og reglur með frábærum unglingum.

Matarmál

- Hefði viljað að öll börn ættu rétt á hollum mat í hádegi og ávexti á morgnanna, og það væri innifalið í skólagjöldum.
- Mætti bjóða upp á ódýran heimilismat á viðráðanlegu verði. Mikill munur að hafa ódýran mat í grunnskóla og fara í framhaldsskóla þar sem kostnaður stóreykst.
- Fræðsla um heilbrigðan lífsstíl og sælgætið út takk. Verum til fyrirmyndar! Það er ekkert mál að venja þessi börn á holla fæðu. Getur FG ekki verið fyrirmynd annarra skóla?

Skólasókn

- Það má endurskoða veikinda og fjarvistamál og fylgjast með að nemendur séu að vinna vel, veita þeim tital.
- Alltof strangt tekið á veikindum nemenda.
- ekki setja svo strangar reglur að ekki er hægt að standa við refsinguna sem sett er upp, t.d. með mætingar.

Forvarnir gegn áfengi og vímuefnum

- Efla starf bindindisklúbbsins - taka markvissari afstöðu gegn áfengisnotkun, t.d. með því að árshátíðin sé haldin áfengislaus í húsnæði skólans
- Vera strangir á gæslu þegar viðburðir eru á vegum skólans og láta krakkana vita að áfengisneysla er ekki í lagi þegar skólinn á í hlut.
- Reyna að taka á grasreykingum, veit ekki hvort þær sé hægt að mæla. Skilst að þær þyki góður kostur því þær séu ekki mældar á böllum.
- Mikilvægt að vera með spennandi kosti, útivist og samkomur sem stíla inn á annað en drykkju. Krakkarnir vilja vera saman og skemmta sér. Væri hægt að bjóða meira upp á útivistarnámskeið, dans o.fl.
- Samkomur eiga að vera áfengis-og vímuefnalausar og því finnst mér eðlilegt að allir séu látnir blása ekki einungis nýnemar. Veit samt að það væri mikil vinna.

Forvarnir -framhald

- Umræðan um þessi mál hafa verið mjög góð. krakkarnir vita af hættunni og hafa nógan þroska til að skilja um hvað málið snýst um .
- 16 ára og 20 ára nemendur eiga enga samleið í skemmtanamálum.
- Það er a.m.k. ekki forvörn í því að blása í áfengismæli við inngang á dansleik. Víndrykkja er líklega minna áhyggjuefni en vímuefni í mínum huga. Allt þó mikilvægt í forvörnum. Forvörnin felst í öflugri lífsleikni þar sem siðvit, virðing fyrir sjálfum sér og öðrum og sjálfstyrking er efld.

Ábendingar til foreldraráðsins

- að foreldraráð hafi vægi þegar kemur að framkvæmd stefnu skólans og nemenda hans.
- Vekja athygli foreldra á að þeir bera ábyrgð á börnunum sínum, ekki skólinn .
- Það sem þú einbeitir þér að vex og dafnar (of mikil einbeiting á það neikvæða getur stækkað vandamálið).
- Styðja FG í að taka þátt í verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli í samstarfi við Lýðheilsustöð.
- Halda áfram á sömu braut - styðja skólayfirvöld og berjast með þeim að bættum hag nemenda.

Ábendingar – frh.

- fá fleiri foreldra í virkt starf foreldrafélags
- Halda áfram á sömu braut - styðja skólayfirvöld og berjast með þeim að bættum hag nemenda.
- Foreldrar og heimili sjá um uppeldi og skólar sjá um menntun.
- Vera sýnileg og veita skólastjórnendum aðhald og stuðning.
- Halda áfram því góða verki sem þið eruð að sinna. Góð könnun hjá ykkur, fær mann til að hugsa málið enn frekar .